



## Banaslys 8.12.2006

Stykkishólmsvegur

Útafakstur

Látinn 22 ára karlmaður

Tími sólarhrings: Nótt

### Lýsing á slysi

Ökumaður fólksbifreiðar ók að næturlagi áleiðis til Stykkishólms. Akstursaðstæður voru ekki góðar, ísing var á veginum og myrkur. Rétt um það leyti þegar hann ók framhjá afleggjaranum að flugvöllinum missti hann stjórn á bifreiðinni í aflíðandi vinstri beygju. Rann bifreiðin yfir á rangan vegarhelming og þaðan útaf veginum með hægri hliðina á ljósastaur. Valt bifreiðin við það á hliðina og endaði á hjólunum um 10 metra frá ljósastaurnum, sjá afstöðumynd hér að neðan.



Mynd 1: Leið og lega bifreiðarinnar út af veginum.

Ökumaður bifreiðarinnar var ekki með bílbeltið spennt og lést hann á staðnum vegna fjörláverka. Hafði hann kastast til í farþegarýminu og lá ofarlega í ökumannsætinu þegar komið var að honum. Hafði sætisbakið brotnað í slysinu. Ökumaðurinn fékk mikil högg á höfuð og líkama. Áverkar sem leiddu hann til dauða voru; höfuðkúpu-, rifbeins- og brjóstbeinsbrot sem leiddu svo til innri blæðingará í heila, brjóst og kviðarholi.

Þar sem slysið átti sér stað liggur vegurinn í aflíðandi vinstri beygju miðað við akstursstefnu bifreiðarinnar. Vegurinn er 6,2 metra breiður með eina akrein í hvora átt, hámarks hraði á veginum er 70 km/klst.



**Mynd 2: Mynd tekin á slystað í átt frá Stykkishólmi.**

Í bíltæknirannsókn kom fram að hjólbarðar bifreiðarinnar voru mikið slitnir ónegldir vetrarhjólbarðar. Hemlar bifreiðarinnar reyndust í ólagi, of slitnir hemladiskar og klossar, fastur hemlaklossi að aftan og skemmdir vegna riðmyndunar sem og að hálkuvörn vantaði á hemla- og kúplingsfeti.

Ökumaður var ölvaður þegar slysið átti sér stað.

### **Orsakagreining**

- Ökumaður var ölvaður
- Hann notaði ekki bílbelti
- Ísing var á veginum
- Bifreiðin var á slitnum hjólbörðum og hemlabúnaðar var í ólagi
- Of hraður akstur miðað við aðstæður

### **Ábendingar**

Rannsóknarnefnd umferðarslysa beinir því til umráðamanna ökutækja og ökumanna að gæta vel að ástandi ökutækjanna sinna. Mikilvægt er að ástand ökutækja sem eru í almennri umferð sé gott. Samkvæmt umferðalögunum skal eigandi eða umráðamaður ökutækis bera ábyrgð á að ökutæki sé í öruggu ástandi.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa ítrekar fyrri ábendingar um ölvunarakstur og bílbeltanotkun.

**12.06.2007**

**Rannsóknarnefnd umferðarslysa**